

6133  
 

Verklagsreglur Hljóðritasjóðs STEFs

Reglum þessum er ætlað að koma útgefnum reglum Nótнасjóðs og Hljóðritasjóðs til skýringar og fyllingar.

1. Umsókn um styrkveitingu verður aðeins tekin til afgreiðslu hafi skrifleg umsókn borist STEFi innan auglýsts umsóknarfrests. Ekki er skilyrði fyrir styrkveitingu að notuð séu eyðublöð sem stjórn sjóðsins hefur útbúið, en er þó mælt með því að þau séu notuð.
2. Almennt verði umsókn um styrkveitingu aðeins tekin til afgreiðslu komi umsóknin frá höfundi sem verið hefur meðlimur í STEFi í a.m.k. þrjú ár.
3. Almennt skulu ekki veittir styrkir til annarra en þeirra höfunda sem hafa á síðustu árum fyrir úthlutun fengið úthlutað höfundaréttargreiðslum sem nema að lágmarki kr. 100.000 á ári.
4. Stjórn sjóðsins hefur þó heimild til að veita einn styrk við hverja úthlutun til efnilegra höfunda sem ekki uppfylla skilyrði um lágmarkstíma aðildar að STEFi og lágmarksgreiðslna frá samtökunum.
5. Við styrkveitingar skal hafa hliðsjón af því hvort viðkomandi umsækjandi hafi nýlega fengið styrki úr sjóðnum og hverjar höfundaréttartekjur hans hafa verið undanfarin ár. Ennfremur er heimilt að taka tillit til þess hvort umsækjandi hafi fengið styrki vegna sama verkefnis úr öðrum sjóðum.
6. Mögulegt er að fleiri en einn sækji saman um styrk til sameiginlegs verkefnis. Skulu ákvæði 1. og 2. gr. þá vera uppfyllt hvað varðar alla þátttakendur í verkefninu.
7. Styrkir skulu bundnir þeirri forsendu að verkefnið og framvinda þess sé í samræmi við lýsingu og áætlanir. Skal styrkþegi tilkynna um fyrirhugaðar breytingar eða niðurfellingu verkefnis. Sé verkefnið fellt niður skal styrkþegi endurgreiða útgreiddan styrk.
8. Stjórn sjóðsins getur ákveðið að skipta greiðslum styrkja þannig að þær séu bundnar framvindu verkefnisins.
9. Er það skilyrði fyrir styrkveitingu að fram komi á því útgefna efni sem styrkt er að útgáfan sé styrkt af Hljóðritasjóði STEFs. Ekki er því hægt að styrkja þegar útgefin verk.
10. Styrkþegar fá staðfestingu á úthlutun í tölvupósti og er styrkurinn greiddur inn á þann reikning sem þeir vísa til, séu upplýsingar um bankareikning ekki þegar skráðar hjá STEFi.

Svo samþykkt af stjórn Hljóðritasjóðs STEFs